



Pistill formanns Jólin nálgast

Kæri viðtakandi Tengils.

Um leið og dagurinn styttist þá styttist líka í fögnuð og gleði aðventu og jóla. Mitt í myrkri og skammdegi fáum við að njóta jólaljósanna sem minna á hinn sanna boðskap jólanna um ljósið sem kom í heiminn til að lýsa upp veröldina fyrir syndugum heimi. Það eru sannarlega forréttindi að fá að taka þátt í að koma þessum boðskap á framfæri. Og við í Kristilegu skólahreyfingunni erum stolt af að vera í þeim hópi sem styður við starf KSS og KSF. Þakka þér, kæri lesandi, fyrir að vera í þessum

stuðningshópi. Við vonum að við megum treysta áfram á stuðning þinn við félögin.

Í vetur hefur ýmislegt verið að gerast innan félagana okkar, það geturðu lesið um hér annars staðar á síðum Tengils. Við í stjórn KSH höfum reynt að leggja okkar að mörkum, s.s. með þátttöku á fundum sem eldri fulltrúar, leiðarar á mótum og í Biblíuleshópum, og eins höfum við skipað nefnd sem mun styðja stjórn KSS varðandi boðunarpáttinn.

Æskulýðspresturinn okkar, sr. Jón Ómar Gunnarsson, hefur haft í mörgu að snúast og eru

honum þökkuð ómetanleg störf í þágu félaganna.

Verkefnin eru óþrjótandi og því mikilvægt að finna styrk og kraft frá þeim fjölmörgu sem leggja hönd á plóginn. Fyrir hönd stjórnar KSH óska ég ykkur gleðilegrar aðventu og jóla, gleymið ekki að biðja fyrir félögum okkar, prestinum okkar og öllu starfinu. Þær bænir eru ómetanlegur stuðningur við öll þau sem að starfinu koma.

Með blessunaróskum og þakklæti,

Íris Kristjánsdóttir.



Ný vefsíða KSH

Sett hefur verið upp heimasíða fyrir KSH og á Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri stjórnar KSF, heiðurinn að henni. Vefsíðan er fyrst og fremst hugsuð til kynningar á starfi KSH gagnvart styrktaraðilum og áhugafólki um kristilegt skóla-starf. Á vefsíðunni er að finna

upplýsingar um KSH, lög hreyfingarinnar og játningargrundvöll auk upplýsinga um starfsmann og stjórn. Einnig verður hægt að skrá sig á póstlista KSH, þar verður Tengill aðgengilegur sem og upplýsingar um gjafakerfi KSH. Lesendur Tengils eru hvattir til

þess að skoða nýja heimasíðu www.ksh.is. Samhliða nýrri vefsíðu hafa starfsmaður og stjórnarmenn fengið tölvupóst-föng hjá www.ksh.is, nýtt póstfang æskulýðsprest er jonomar@ksh.is.

Kristilegt stúdentamót á Egilsstöðum

Kristilegt stúdentamót var haldið á Egilsstöðum á vegum KSF dagana 13.-14. nóvember. Mótið fór fram í Kirkjumiðstöð Austurlands og var þeima mótsins „Hungrar þig...“ Mótið var styrkt af Kirkjumálasjóði og Æskulýðssjóði. Á föstudagskvöldinu stóðu þátttakendur mótsins fyrir kyndilbænagöngu. Gangan hófst hjá Menntaskóla Egilsstaða þar sem beðið var fyrir nemendum skólans sem og skólastarfi á landinu öllu, við Egilsstaðakirkju var beðið fyrir kirkjulífi svæðisins og fyrir aukinni útbreiðslu fagnaðar-erindisins meðal íbúa svæðisins, við sjúkrahúsið bað hópurinn fyrir sjúkum og við bæjarskrifstofunnar var beðið fyrir bæjarfélaginu, landinu og leiðtogum þjóðarinnar. Bæna- göngunni lauk síðan með samkomu í menningarhúsi Héraðsbúa. Á samkomunni,

Breyttar áherslur í starfi KSF

Undanfarna mánuði hefur KSF gegnið í gegnum miklar breytingar. Á þessu starfsári var ákveðið að byggja starf félagsins á samfélags- og biblíuleshópum og hætta með vikulega fundi á laugardagskvöldum. Eins og er eru starfandi þrír hópar, tveir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Egilsstöðum. Markmiðið er að fjölga hópunum og tengja þá ákveðnum sviðum og deildum háskólanna og vera þannig meira virk á þeim akri sem félagið er kallað til að starfa á. Kristilegt stúdentafélag er kallað til þess að sameina kristna háskólanema og boða fagnaðarerindið í háskólum landsins og það verður best gert

sem var útvarpað um svæðið, talaði Stefán Bogi Sveinsson um andlegt hungur. Aðrir ræðumenn helgarinnar voru Salvar Geir Guðgeirsson sem leiddi biblíulestur undir yfirskriftin „Hvað fyllir þig?“ Sr. Þorgeir Arason fjallaði um mettunarfrásögur Markúsar og Jóhannesarguðspjalls. Á sunnudeginum tóku KSF-ingar þátt í stúdentamessu í Egilsstaðakirkju og predikaði sr. Jón Ómar Gunnarsson, æskulýðsprestur og sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson þjónaði fyrir altari. KSF-ingarnir Guðmundur Karl Einarsson, Páll Ágúst Ólafsson og Arnór Heiðarsson leiddu sönginn í messunni. Að messu lokinni bauð söfnuðurinn móts- gestum í hádegismat í safnaðarheimili kirkjunnar.

á vettvangi skólanna. Verkefnið er ærið enda háskólarnir spennandi en jafnframt erfiður akur. Fáliðuð stjórn KSF hefur lagt talsverða vinnu í að koma þessum breytingum í gagn. Biðjið fyrir því að heilagur andi Guðs leið þessar nýju áherslur innan KSF. Ef þú ert í biblíuleshóp ásamt ungu fólki á aldrinum 20 – 30 ára og hefur áhuga á að tengjast kristilegu stúdentastarfi þá er þinn hópur velkominn í KSF. Einnig ef þú vilt stofna hóp eða ganga í biblíuleshóp fyrir ungt fólk og háskólanema þá ertu hjartanlega velkomin í KSF. Frekari upplýsingar veitir Jón Ómar (jonomar@ksh.is). www.ksf.is

Öldungastarf KSS stóreflt

Æskulýðsprestur og eldri fulltrúi KSS hafa undanfarið unnið að því að efla öldungastarf innan KSS í samstarfi við stjórn KSS. Stofnað hefur verið öldungateymi sem Práinn Haraldsson, eldri fulltrúi KSS, leiðir. Í teyminu eru 12 öldungar sem skipta með sér að mæta á KSS fundi og viðburði eftir fundi. Öldungar taka einnig þátt í skólamótum og nýársnámskeiðum sem leiðarar eða ræðumenn. Með því að koma reglulega á KSS fundi og skólamót kynnast KSS-ingar öldungum betur og eiga þannig auðveldara með að leita til þeirra. Ef þú hefur áhuga á því að taka þátt í öldungastarfi félagsins sendu tölvupóst á jonomar@ksh.is eða thrainn@ksh.is.



Erum við Guð vinir? Haustskólamót KSS

Helgina 2.–4. október fór fram hið árlega haustskólamót Kristilegra Skólasamtaka (KSS) í Vatnaskógi. Í ár voru talsvert fleiri þátttakendur en oft áður eða um 120 ungmenni á aldrinum 15–20 ára. Yfirskrift mótsins var: „Erum við Guð vinir?“ Vináttan var því allsráðandi á mótinu bæði á fræðslustundum og öðrum viðburðum mótsins.

Ræðumenn mótsins voru þau Ragnar Schram kristniboði, Agnés Tarassenko Ragnarsson kristniboði og Jón Ómar Gunnarsson æskulýðsprestur Kristilegu skólahreyfingarinnar (KSH). Ragnar fjallaði um vináttu Guðs, Agnés fjallaði um sanna vináttu og Jón Ómar ræddi um vináttuna við Guð og náungann og hvernig mætti rækta hana. Eftir ræðurnar hittust þátttakendur mótsins í smáhópum og ræddu um efnið. Um helgina voru fjölmargir aðrir spennandi dagskrárliðir í boði

Norrænt stúdentamót í Finnlandi

Dagana 14. – 18. október fór Norrænt stúdentamót fram í Finnlandi. Mótið var að þessu sinni haldið af finnsku skólahreyfingunni (OPKO) og var yfirskrift þess „Á stundu sem nú.“ Mótsstaðurinn var í Éna Såppa þar sem OPKO rekur ráðstefnumiðstöð. Aðalfyrirlesari mótsins var Becky Pippert frá Saltshaker ministries, en þeirra höfuðverkefni er að starfa með stúdentahreyfingum í Evrópu og þjálfra stúdenta til þess stofna og leiða biblíuleshópa fyrir leitandi stúdenta. Biblíulestrar mótsins voru úr Estererbók og í umsjón Kåre Rune Hauge, framkvæmdastjóra NKSS Noregi, og



eins og íþróttir, gönguferðir, Biblíuleshópur, gospelsmiðja, kvikmyndasýningar o.fl. spennandi. Mótinu lauk með spurningastund þar sem æskulýðsprestur KSH og Anna Arnardóttir reyndu eftir bestu getu að svara þeim spurningum sem þátttakendur leituðu svara við.

Mikið líf er í starfi KSS þessa dagana og hefur vetrarstarf félagsins byrjað mjög vel. Í september fór fram kynningarátak og var starf félagsins kynnt víða í grunnskólum og kirkjum höfuðborgarsvæðisins. Margir nýir meðlimir hafa gengið í félagið. Frekari upplýsingar um starfið er að finna á vefsíðunni www.kss.is.

Daniel Älvebrandt, framkvæmdastjóra Credo Svíþjóð. Því miður var þátttakan frá Íslandi alls ekki nægilega góð en aðeins einn fulltrúi KSF tók þátt í mótinu í ár.

Næsta Norræna stúdentamótið verður haldið í Gautaborg dagana 24. – 26. september 2010. Aðalræðumaður að þessu sinni verður Femi Adelaeye, aðstoðar framkvæmdastjóri IFES (International Fellowship of Evangelical Students). Fulltrúi KSF tekur virkan þátt í skipulagningu mótsins ásamt fulltrúum allra Norðurlandanna.

**Þorláksmessustund
í Friðrikskapellu
23. desember 23:30**

Hin árlega þorláksmessustund KSH verður haldin í Friðrikskapellu að Hlíðarenda 23. desember n.k. kl. 23.30. Stundin er fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af jólavenjum margra, enda gefst þar tækifæri til að njóta kyrrðar og helgi jólanna. Kyrrðarstundin stendur yfir í 45 mínútur og verður með hefðbundnum hætti. Léttar veitingar verða í boði eftir stundina. Allir eru velkomnir.

Fréttir af NOSA

Dagana 19.-21. október var hittust leiðtogar skólahreyfinganna á Norðurlöndunum á samráðsfundi í Finnlandi. Æskulýðsprestur KSH, Jón Ómar, tók þátt í fundinum fyrir hönd hreyfingarinnar. Fundurinn fór fram í kjölfarið af Norrænu stúdentamóti. Á fundinum fóru fram áhugaverðar umræður um framtíð kristilegs skólustarfs á Norðurlöndunum og var ákveðið að hefjast handa við sameiginlega stefnumótunarvinnu um framtíðarsýn skólahreyfinganna. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og m.a. var því varpað fram hvort að stefna skyldi að sameiningu skólahreyfinganna á Norðurlöndunum. Á fundinum skiptust þátttakendur einnig á hugmyndum og deildu hvert með öðru þeim áskorunum sem hreyfingarnar standa frammi fyrir.



Hvernig stendur á?

Fjárhagsstaða KSH er ágæt miðað við aðstæður, en betur má ef duga skal. Við stöndum enn frammi fyrir þeim stóra vanda að geta einungis greitt hálf tólf starfsmanna. Það dugar til þess að halda í horfinu, en viljum við einungis halda í horfinu? Viljum við ekki sjá starf KSS og KSF eflast enn frekar, sjá fleiri framhalds- og háskólanema koma til Krists og játast honum? Svarið hlýtur að vera já! Fjölmargir leggja sitt að mörkum til starfsins ýmist með peningagjöfum eða sjálfboðastarfi. Á yfirstandandi ári leggja um 60 einstaklingar 1.3 milljónir kr. til starfs KSH, Þjóðkirkjan styrkir starfið um 700 þúsund krónur á þessu ári og 800 þúsund krónur 2010, Reykjavíkurborg styrkja starfið um rúmar 500 þúsund krónur. Þrátt fyrir mikinn

niðurskurð hjá Þjóðkirkjunni hefur kirkjan ekki minnkað stuðning sinn við KSH, en því miður munu framlög til Þjóðkirkjunnar lækka enn meira á árinu 2010 og líklega mun KSH ekki fara varhluta af þeirri skerðingu. Það er því mikilvægt að fleiri gamlir (síungir) KSS- og KSF-ingar leggi lið.

Hvernig stendur á hjá þér? Starf KSH byggir á framlagi sjálfboðaliða og góðvina, þið eruð bakland hreyfingarinnar. Á síðasta ári gáfu yfir 100 einstaklingar til starfs KSS, KSF og KSH með einum eða öðrum hætti. Þess vegna leitum við eftir þínum stuðningi nú sem fyrr. Viljir þú leggja starfi KSH lið þá getur þú gengið í gjafakerfi KSH og gefið reglulega til starfsins. Í gegnum gjafakerfið er hægt að gefa reglulega til KSH í gegnum

Visa eða Euro einnig er hægt að fá reglulega greiðsluseðil sendan heim. Þeir sem eru vel kunnugir heimabankanum sínum geta einnig búið til reglulegar millifærslur á reikning KSH (sjá hér fyrir neðan). Hægt er að gefa til starfsins með því að greiða greiðsluseðilinn hér að neðan.

Ef þú vilt ganga í gjafakerfið getur þú haft samband við æskulýðsprest KSH, Jón Ómar, í síma 5888899 eða sent á hann tölvupóst á jonomar@ksh.is. Einnig er hægt að hafa samband við Gísla Jónsson gjaldkera KSH í síma 822 4035.

Kæru lesendur Tengils. Takk fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!



Kristilega skólahreyfingin - KSH

Kt. 510479-0259 - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 8899 - www.ksh.is

Greiðandi:

Kt.

Upphæð:

Lagt inn á reikning 0117-26-119105